

Námsgrein: Sund

3.-4. bekkur

Kennarar: Selmdís Bráinsdóttir og Valdís Jósefsdóttir

Tíma fjöldi á viku: 60 mínútur einu sinni í viku

Kennsluaðferðir og skipulag: Kennsla fer fram í sundlaug Húsavíkur.

Lagt er upp úr því að hafa kennslu eins fjölbreytta og kostur er. Kennsla er byggð á leikjum og kenna grunn atriði, bringusund, skriðsund og baksund. Reynt er eftir bestu getu að komast til móts við þarfir allra nemenda hverju sinni. Lögð er áhersla á að nemendur fái jákvæða upplifun af sundkennslu. Nemendur vinna í litlum sem og stórum hópum eða sem einstaklingar þar sem lögð er áhersla á að virkja alla nemendur.

Námsmat: Leiðsagnarmat miðar af því að fylgjast með stöðu nemanda og sjá stöðuna á meðan námi stendur. Fylgst er með færni, virkni, mætingu og hegðun nemenda.

Grunnpættir menntunar

Grunnpáttur	Áherslupættir grunnpátta menntunar
Læsi	Áhersla á hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sjálfbærni	Nemendur geti farið eftir öryggis-, skipulag og umgengisreglum sundstaðar og geti sjálf komið sér í og úr sundklefum.
Heilbrigði og velferð	Áhersla á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur fá tækifæri til að hafa áhrif á kennsluna – t.d. með vali á verkefnum, viðfangsefnum eða nálgun. Lögð er áhersla á jákvæða samskipti, samvinnu og að virða fjölbreytileika hópsins. Nemendur þjálfast í að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, bæði í orðum og verkum.
Jafnrétti	Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.
Sköpun	Nýti fjölbreyttar hreyfingar og búnað á nýstárlegan hátt með öryggi að leiðarljósi.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Leikir Flot Bringusund Skriðsund Baksund Skólabaksund Stunga Spyrna	Korka, hringir, M-kútar, núðlur froskalappir og fl.	- sýnir öryggi, vellíðan og leikgleði í vatni, - tekur þátt í fjölbreyttum leikjum og æfingum sem efla vatnsleikni og samvinnu, - syndir a.m.k. 100 metra samfelld til að þjálfa þol og getur framkvæmt styttri sundspretti til að þjálfa loftfirt þol, - syndir a.m.k. 12 metra í helstu sundstílum (bringusundi, baksundi/skólabaksundi og skriðsundi), með eða án hjálpartækja, - nær a.m.k. 5 metra kafsundi samfelld, - bjargar sér sjálfur í vatni og sýnir skilning á öryggisatriðum.	Er byggt á ástundun nemenda, vinnu í tímum, framförum og færni í ákveðnum þáttum.